



Lögboðin starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana

Vátryggingarskilmálar nr. AP24

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AP24.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga um fjármálaþjónustur nr. 161/2002 og reglugerð um ábyrgðartryggingu verðbréfamiðlana nr. 508/2000.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Vísitala
11. Endurkrafa
12. Staða tjónþola við tjón
13. Meðferð bótakrafna
14. Lok vátryggingar
15. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Ábyrgðartími

- 3.1 Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.

3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunnir að verða rakið til vátryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

4.1 Almenn fjártjón viðskiptamanns vátryggðs er leiðir af gáleysi störfum hans eða starfsmanna hans við verðbréfamiðlun.

Vátryggingin bætir ekki:

4.2 Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans vegna starfa við verðbréfamiðlun.

4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.

4.4 Líkamstjón og skemmdir á munum.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.



6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

8. Váttryggingarfjárhæð

8.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingar-atburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra váttryggingaratburða innan sama váttryggingartímabils getur aldrei orðið hærri en fram kemur í váttryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

8.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.

8.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

9.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

9.2 Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

10. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Iðgjald og eigin áhætta breytast á sama hátt.

11. Endurkrafa

11.1 Félaginu er heimilt að endurkrefja váttryggðan hafi tjón orðið vegna stórkostlegs gáleysis hans.

11.2 Félagið á endurkröfurett á hendur váttryggðum hafi félagið greitt bætur samkvæmt gr. 14.2 eftir að váttrygging hefur fallið niður.

12. Staða tjónþola við tjón

12.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

12.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.

12.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

12.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

13. Meðferð bótakrafna

13.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

13.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

14. Lok váttryggingar

14.1 Váttryggingin fellur sjálfkrafa niður ef váttryggður fullnægir ekki skilyrðum sem sett eru um verðbréfamiðlanir.

14.2 Enda þótt váttryggingin sé úr gildi fallin ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola á tjóni er rekja má til tjónsatvika sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggðum og viðskiptaráðuneyti að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur full-nægjandi trygging hafi verið tekin.

15. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.